

## Fjármálastjórákönnun Deloitte - vor 2017

### Gengisþróun íslensku krónunnar stærsti áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórákönnun Deloitte. Könnunin var sett á laggirnar að fyrirmund Deloitte á alþjóðavísu og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvívar á ári og er þetta í sjóunda sinn sem könnunin er framkvæmd. Sendur var spurningalisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna.


Á heildina litið eru fjármálastjórar almennt bjartsýnir á aukningu í EBITDA og tekjum á næstu 12 mánuðum, þó er hlutfallið ekki jafn hátt og fyrir sex mánuðum síðan. Um helmingur fjármálastjóra segja að fjárhagsleg áhætta síns fyrirtækis hafi staðið í stað á síðastliðnum 12 mánuðum, fimm tungur segir að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsrekningi. Líkt og síðastliðið haust heldur gengisþróun krónunnar áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja, meirihluti fjármálastjóra (60%) telur að krónan muni halda áfram að styrkast nokkuð á næstu sex mánuðum. Rúmlega þriðjungur telur líklegt eða mjög líklegt að þeir muni beita formlegum áhættuvörnum gegn gengissveiflum íslensku krónunnar á næstu 12 mánuðum.

Fjármálastjórar eru bjartsýnni í garð verðþróunar hlutabréfamarkaðar (OMXI8) heldur en fyrir hálfu ári síðan. Rúmlega helmingur (55%) telur að vísitalan muni hækka nokkuð á næstu 6 mánuðum. Um 35% telja að vísitalan muni standa í stað, sem er svipað hlutfall og fyrir 6 mánuðum. Minni bjartsýni gætir til hagvaxtar, nú telja tæplega helmingur fjármálastjóra (46%) að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum, samanborið við mikinn meirihluta (72%) fyrir ári síðan.


Meirihluti fjármálastjóra (84%) hafa ekki áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum. Þeir fjármálastjórar sem horfa út fyrir landsteinana eru einna helst að horfa til fjárfestingar í erlendu fyrirtæki (10%). Um þriðjungur fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hér lendis undanfarna 6 mánuði.

Um helmingur fjármálastjóra telur að breytingar á lögum um gjaldeyrishöft muni hafa jákvæð áhrif á rekstur síns fyrirtækis en um helmingur telur áhrifin vera engin eða óljós. Að lokum telur meirihluti fjármálastjóra (58%) að aukinn fjöldi ferðamanna hafi jákvæð eða frekar jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækis síns.

1. Hvernig telur þú að nýlegar breytingar á lögum um gjaldeyrishöft muni hafa áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?



2. Hvernig áhrif telur þú að aukinn fjöldi erlendra ferðamanna hafi á rekstur þíns fyrirtækis?



Fjármálaráðgjöf Deloitte veitir fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sérfræðingar Deloitte leitast við að tryggja að lausnir skili árangri og skilji eftir verðmæta þekkingu hjá viðskiptavinum.

Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframbod Fjármálaráðgjafar Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)


**Ábyrgðarmaður:**  
Lovísa A. Finnbjörnsdóttir  
Meðeigandi, Sviðsstjóri  
Fjármálaráðgjafar  
Sími: 770-4942  
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**  
Haraldur I. Birgisson  
Meðeigandi, Forstöðumaður  
viðskipta- og markaðstengsla  
Sími: 822-7570  
hib@deloitte.is


# Staða fyrirtækja

Á heildina litið eru fjármálastjórar fremur bjartsýnir gagnvart aukningu EBITDA og tekjum á næsta ári.

3. Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




4. Hlutfall fjármálastjóra sem sjá fram á tekjuaukningu á næstu 12 mánuðum.




Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.

Fimmtungur fjármálastjóra telja að nú sé góður tími til að auka áhættu.

5. Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?




6. Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja. Hlutfall þeirra fjármálastjóra sem nefna gengisþróun krónunnar sem helsta áhættuþátt hefur aukist úr 64% í 80% á síðastliðnu ári

7. Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?\*




\* Merkja mátti við fleiri en einn vælkost


Líkt og sl. ár stefnir meirihluti fyrirtækja á fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.

Ráðning nýrra starfsmanna mun í langflestum tilvikum haldast óbreytt eða aukast lítillega.

8. Hvernig telur þú að ráðning nýrra starfsmanna í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




9. Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?



# Staða fyrirtækja


Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja í iðnaði og framleiðslu ásamt verslun og þjónustu

## 10. Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?




Yfir helmingur svaraða starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári

## 11. Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?




Fjármálastjórar eru ekki jafn bjartsýnir á vaxtataekifæri og síðastliðna 12 mánuði. Hlutfall fjármálastjóra sem telja fjárhagshorfur sínar fyrirtækis hafa breyst til hins betra er hærra en fyrir 6 mánuðum síðan.

## 12. Hlutfall fjármálastjóra sem telja vaxtataekifæri sínar fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu sex mánuðum




## 13. Hlutfall fjármálastjóra sem telja fjárhagslegar horfur sínar fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum



Flest fyrirtæki stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru nánast óbreyttar frá fyrri árum. Einna helst má nefna aukningu í fjárfestingum í samanburði við fyrri ár, ásamt því að fleiri munu leggja áherslu á stækkun með ytri vexti eða yfirtökum.

## 14. Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?\*




\* Merkja mátti við fleiri en einn valkost


# Fjármögnun fyrirtækja

Töluverður meirihlutí (65%) telur útgáfu nýs hlutafjár hagkvæma fjármögnumnarleið við núverandi aðstæður. Um helmingur segir hið sama um útgáfu skuldabréfa.

15. Telur þú að útgáfa nýs hlutafjár sé hagkvæm fjármögnumnarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




16. Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnumnarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




Um 57% telja að ný lántaka hjá bönkum sé ekki hagkvæm.

Aðspurir um kostnað við nýtt lánsfé, þá telja tæplega átta af hverjum tíu að ný lántaka sé dýr eða nokkuð dýr.

17. Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnumnarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



18. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?




Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar að framboð á nýju lánsfé sé mikið. Meirihluti fjármálastjóra er þeirrar skoðunar að stýrivextir séu of háir. Stýrivextir voru lækkaðir á meðan könnuninni stóð og óljóst hver áhrif þeirrar lækkunar eru á skoðanir fjármálastjóra

19. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?




20. Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



Flest fyrirtæki stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri. Hærra hlutfall fjármálastjóra ætlar sér að draga úr skuldsetningu en fyrir 6 mánuðum síðan.

21. Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



# Markaðs- og efnahagslegir vísar

Fjármálastjórar eru bjartsýnni á þróun hlutabréfaverðs en fyrir ári síðan.

Fjármálastjórar eru tölувart minna bjartsýnir á að hagvöxtur muni aukast á Íslandi á næstu tveimur árum en fyrir tveimur árum síðan.

Meirihluti fjármálastjóra telur að íslenska krónan muni halda áfram að styrkast.


Um 34% fjármálastjóra telja líklegt að þeir muni beita formlegum áhættuvörnum gegn gengis-sveiflum íslensku krónunnar á næstu 12 mánuðum

Meirihluti fyrirtækja hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum. Einn af hverjum tíu áætlar að fjárfesta í erlendu fyrirtæki.


Fjármálastjóra sjá jákvæða þróun í aðgangi að fyrirgreiðslu erlendis frá t.d. að lánum og bírgðafjármögnum.

Tæplega þriðjungur fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlandis undanfarna 6 mánuði


22. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísítöluna eftir 6 mánuði?




23. Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum




24. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




25. Telur þú líklegt að fyrirtæki þitt muni beita formlegum áhættuvörnum gegn gengissveiflum íslensku krónunnar á næstu 12 mánuðum?




26. Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?




27. Hversu líklegt telur þú að ráðist verði í fyrirhuguð viðskipti?



28. Hefur orðið breyting á aðgangi fyrirtækisins að fyrirgreiðslu erlendis (t.d. lánum, bírgðafjármögnum o.p.h.) sl. 12 mánuði?



29. Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlandis undanfarna 6 mánuði?



# Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á svíði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálapjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaráttarvarið © 2017 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.